



ÁSAR OG HAMRAKOT

FORNLEIFARANNSÓKN VEGNA LAGNINGAR JARÐSTRENGS RARIK



Byggðasafn
Skagfirðinga

ÁSTA HERMANNSDÓTTIR OG YLFA LEIFSDÓTTIR

BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA

2024/270

Höfundar: Ásta Hermannsdóttir og Ylfa Leifsdóttir. 2024/270

Mynd á forsíðu: Túngarður [2821-22] í landi Ása fyrir rannsókn. Horft til NNA.

© Byggðasafn Skagfirðinga, 2024. Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
RANNSÓKN 2023	3
AÐFERÐAFRÆÐI	4
UPPGRÖFTUR Á TÚNGARÐI.....	4
UPPGRÖFTUR Á MEINTU GARÐLAGI.....	8
SAMANTEKT	9
HEIMILDASKRÁ	10

Inngangur

Byggðasafn Skagfirðinga tók að sér fornleifarannsókn vegna lagningar jarðstrengs á Ásum í Svínavatnshreppi og Hamrakoti í Torfalækjarhreppi að beiðni Rögnvaldar Guðmundssonar hjá RARIK.


Byggðasafnið hafði áður skráð svæðið fyrir RARIK, sjá skýrslu (Ásta Hermannsdóttir 2023). Þar voru skráðar minjar sem minjavörður fór fram á frekari rannsókn á vegna fyrirhugaðrar lagningar jarðstrengs. Minjarnar voru túngarður [2821-22] í landi Ása og garðlag [2821-19] í landi Hamrakots. Vettvangsrannsókn fór fram þriðjudaginn 27. júní 2023. Einnig voru tvær minjar í landi Ása merktar vegna framkvæmdanna, minjar nr. [2821-20] og [2821-23].

Ásta Hermannsdóttir fornleifafræðingur og Ylfa Leifsdóttir fornleifafræðinemi sáu um vettvangsvinnu. Ásta Hermannsdóttir sá um úrvinnslu og skýrslugerð.

Landeigendur fá þakkir fyrir veitta aðstoð.

Rannsóknarnúmer Minjastofnunar Íslands: 202306-0094

Rannsóknarnúmer Þjóðminjasafns Íslands: 2023-41



Rannsókn 2023

Við fornleifaskráningu vorið 2023 voru skráð tvö garðlög sem minjavörður Norðurlands vestra gerði seinna kröfu um að rannsökuð yrðu frekar vegna lagningar jarðstrengs RARIK á svæðinu. Garðlögin sem um ræðir eru túngarður [2821-22] í landi Ása og garðlag [2821-19] í landi Hamrakots. Í umsögn minjavarðar segir um mótvægisáðgerðirnar:

- „• Garðlag 2821-19 við Hamrakot verði kannað af fornleifafræðing, grafinn skurður í gegn og snið teiknað. Að öðrum kosti borað undir garð.
- Tóftir landi Ása 2821-20 og 23 verði merktar til að forða þeim raski. Ekki þarf að merkja tóft 21.
- Túngarð 2821-22 á Ásum þarf að kanna af fornleifafræðingi, grafa skurð í gegn og teikna snið. Að öðrum kosti bora undir garð.“

(Guðmundur St. Sigurðarson 7. júní 2023).



Mynd 1. Rannsóknarstaðirnir tveir. Loftmynd: Bing.

Um túngarð [2821-22] segir í lýsingu í fornleifaskrá: „Túngarðurinn er nokkuð greinilegur á þessum kafla þótt hann sé siginn og sinugróinn. Breidd garðsins er mest um 1 m og hæð um 60 cm. Sést í grjóti í hleðslu hér og hvar.“ (Ásta Hermannsdóttir 2023: 14). Túngarðurinn markar suðausturhluta gamla túnsins á Ásum.

Um garðlag [2821-19] segir í lýsingu í fornleifaskrá: „Lágt garðlag, mögulega undirhleðsla undir girðingu sem er farin. Vestan við garðlagið er niðurgröftur, mögulega efnistaka fyrir garðinn. Garðlagið er mest um 1 m á breidd en að jafnaði um 40-60 cm. Hæð þess er mest um 40 cm. Algróið, mjög samlagað umhverfinu og ekki sést í grjóti í því.“ (Ásta Hermannsdóttir 2023: 12). Tilgangur garðlagsins var óljós á vettvangi.

Aðferðafræði

Grafinn var könnunarskurður á báðum stöðum. Eitt snið og flatarteikning voru teiknaðar á Ásum og jarðlögum lýst. Flatarteikningin var gerð til að gera grein fyrir steinum sem þar voru. Ekki var gerð teikning í Hamrakoti þar sem einungis fundust náttúruleg jarðlög.

Skurðir voru handgrafnir og grafnir niður fyrir mannvist þar sem svo bara undir. Stærð skurða réðst af umfangi minja og aðstæðum.

Ljósmyndaskrá og flatarteikningu er að finna aftast í skýrslu.

Uppgröftur á túngarði

Lega ISN93: 454154, 562634 (suðurhorn)

Skurður 2x0,5m var grafinn í túngarði í landi Ása. Grafið var niður á náttúrulega grús [5]. Grafin var öryggishola til að staðfesta að komið væri niður í dauðan jarðveg, holan var skóflubreidd að stærð og um 25cm djúp. Í holunni sást gjóskulag [6], líklega H3, undir náttúrulegu, rauðu grúsinni [5] og þar undir náttúrulegur, brúnn jarðvegur [7]. Ofan á grúsinni voru steinar sem mynda undirstöður túngarðsins [4]. Jarðvegur var mjög einsleitur og erfitt að greina lagskiptingu í sniði en þó mátti sjá meintar torfleifar ofan á steinum. Áfok var upp að garðinum beggja vegna, [2] og [3], en engin gjóskulög sjáanleg, hvorki í torfinu né ofan á veggnum.

Grasrót [1] var mjög þykk og mikið um snarrót sem hefur grófar og erfiðar rætur þannig að hugsanlega getur það haft áhrif á möguleikann á að sjá lög/gjósku ofan á torfinu.

Fyrst var skóflubreidd grafin 3,5m í gegnum garðinn og nokkuð norður fyrir hann, þar sem grunur lék á um að garðurinn gæti verið tvöfaldur, þ.e. mögulega eldri garður innan við hinn. Svo reyndist ekki vera og var því einungis grafið, og teiknað, það svæði sem garðurinn náði yfir og rétt út fyrir það, þ.e. suðurhluti skóflubreiddarskurðarins. Jarðlög norðan við voru náttúruleg.

Jarðlög:

[1] Grásrót: Mjög þykkt lag af grásrót ofan á garðinum sjálfum. Talsvert af snarrót ofan á garðinum og sunnan við hann, nokkuð minni norðan við. Gróðurinn þar er aðeins öðruvísi.

[2] Áfok norðanmegin: brúnt/rauðbrúnt lag. Einsleitt, örlítið leirkennt.

[3] Áfok sunnanmegin: brúnt/rauðbrúnt lag, örlítið leirkennt, með óslitnum, mislitum, þunnum línnum. Einnig vísbendingar um fjólubláar klessur, líklega lífrænar leifar, inn á milli.

[4] Túngarður: Torf- og grjóthlaðinn garður. Steinar í botni og torf þar ofan á. Torfið er mjög einsleitt og ekki hægt að greina hleðsluaðferð. Vísbendingar um torflitaðar linsur en að öðru leyti er liturinn einsleitur. Efri afmörkun torflagsins er túlkuð út frá ljósri og dökkri rönd efst, undir grásrótinni [1].


[5] Náttúrulegt malarlag: Leirblönduð, rauðleit grús, frekar smátt grjót, möl, en líka stærra inn á milli, upp í 4-5cm steinar.

[6] Gjóska: Líklega H3, ljóst, um 2cm þykkt gjóskulag.

[7] Náttúrulegt lag: Brúnt, náttúrulegt lag.



Mynd 2. Steinar í botni túngarðs. Suðvestursnið í bakgrunni. Horft í suðvestur.



Mynd 3. Suðvestursnið í skurði. Grasrótin [1] þykk ofan á túngarðinum [4]. Áfok beggja vegna garðsins [2] og [3]. Öryggishola sem grafín var sést til hægri á myndinni, með gjósku [6] sem líklega er H3.

Túlkun

Greinilegt er að um eiginlegt garðlag er að ræða þar sem undirstaða garðsins hefur verið hlaðin úr grjóti og torfi hlaðið þar ofan á. Ekki var hægt að greina torfgerð í sniði. Aldur garðsins er óljós, enda fundust engir gripir eða gjóskulög til að staðfesta hann.

Gripir/sýni

Tveir gripir komu úr grasrótarlagi [1]: járnaglfi og beinbrot. Naglinn er 10,5cm á lengd og beinbrotið 5cm. Gripirnir eru ungir og þar sem frekara samhengi vantar verður þeim fargað.



Mynd 4. Gripirnir sem fundust við rannsóknina.

Uppgröftur á meintu garðlagi

Lega ISN93: 448076, 563286 (suðurhorn)

Í landi Hamrakots var grafinn skurður 1,1x0,6 m í meint garðlag. Grafið var niður á náttúrulega rauðbrúna grús, á 40-80 cm dýpi. Sniðið var hæst þar sem „garðlagið“ er á yfirborði, en lægra til endanna. Engin mannvist fannst í skurðinum og því er sú ályktun dregin að **það sem virðist vera garðlag á yfirborði sé náttúrumyndun**. Líklega er um langt rofabarð að ræða sem gróið hefur upp og líkist því garðlagi á yfirborði í dag. T.a.m. virðist 1104 gjóskan, sem sést á mynd 3 í sniði, hafa verið á ferð og flugi um svæðið og því líklegt að svæðið hafi blásið upp oftar en einu sinni.



Mynd 5. Norðursnið skurðarins í Hamrakoti.

Samantekt

Grafnir voru tveir skurðir í, hvor í sitt garðlagið. Annars vegar túngarð [2821-22] í landi Ása og hins vegar garðlag [2821-19] í landi Hamrakots. Túngarðurinn reyndist sannarlega vera garður, en ekki var hægt að greina aldur hans. Garðlagið í landi Hamrakots reyndist náttúrumyndun. Skurðunum var lokað að rannsókn lokinni.

Tvær minjar á Ásum [2821-20] og [2821-23] voru auk þess merktar til að koma í veg fyrir rask vegna framkvæmda.

Engar frekari fornleifarannsóknir eru áætlaðar á svæðinu.

Heimildaskrá

Ásta Hermannsdóttir. 2023. *Fornleifaskráning vegna lagningar jarðstrengs. Svínavatnshreppur, Torfalækjarhreppur og Bólstaðahlíðarhreppur*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2023/265. Byggðasafn Skagfirðinga: Glaumbær.


Óútgefnar heimildir

Guðmundur St. Sigurðarson. 7. júní 2023. Bréf til RARIK – „Mótvægisáðgerðir vegna strenglagnar RARIK í gamla Svínavatns-, Torfalækjar- og Bólstaðahlíðarhreppi. 2023“. Mál 202302-0041.

Fylgiskjöl

Flatarteikning

Steinar í botni túngarðs. Flatarteikning nær ekki yfir allan botn skurðarins heldur eingöngu það svæði þar sem steinar voru, þ.e. syðri hluta skurðar og miðju. Sniðteikningin í skýrslunni sýnir stóra steininn sem hér er merktur „steininn í sniði“.



Ljósmyndaskrá

Leyfisnúmer	Númer ljósm.	Dagsetning	Ljósmyndari	Staður	Sveitarfélag	Sýsla	Stutt lýsing á myndefni	Átt
202306-0094	2128-19_1	27.6.2023	Ásta Hermannsdóttir	Hamrakot	Húnabyggð	Austur-Húnaþingssýsla	Rannsóknarstaður fyrir uppgröft	NA
202306-0094	2128-19_2	27.6.2023	Ásta Hermannsdóttir	Hamrakot	Húnabyggð	Austur-Húnaþingssýsla	Fullgrafinn skurður	SA
202306-0094	2128-19_3	27.6.2023	Ásta Hermannsdóttir	Hamrakot	Húnabyggð	Austur-Húnaþingssýsla	Fullgrafinn skurður	ASA
202306-0094	2128-19_4	27.6.2023	Ásta Hermannsdóttir	Hamrakot	Húnabyggð	Austur-Húnaþingssýsla	Fullgrafinn skurður	SSV
202306-0094	2128-19_5	27.6.2023	Ásta Hermannsdóttir	Hamrakot	Húnabyggð	Austur-Húnaþingssýsla	Fullgrafinn skurður	NV
202306-0094	2128-19_6	27.6.2023	Ásta Hermannsdóttir	Hamrakot	Húnabyggð	Austur-Húnaþingssýsla	Fullgrafinn skurður	N
202306-0094	2128-19_7	27.6.2023	Ásta Hermannsdóttir	Hamrakot	Húnabyggð	Austur-Húnaþingssýsla	Fullgrafinn skurður	NNA
202306-0094	2128-22_1	27.6.2023	Ásta Hermannsdóttir	Ásar	Húnabyggð	Austur-Húnaþingssýsla	Rannsóknarstaður fyrir uppgröft	NV
202306-0094	2128-22_2	27.6.2023	Ásta Hermannsdóttir	Ásar	Húnabyggð	Austur-Húnaþingssýsla	Rannsóknarstaður fyrir uppgröft	NA
202306-0094	2128-22_3	27.6.2023	Ásta Hermannsdóttir	Ásar	Húnabyggð	Austur-Húnaþingssýsla	Suðursnið, nærmynd.	SV
202306-0094	2128-22_4	27.6.2023	Ásta Hermannsdóttir	Ásar	Húnabyggð	Austur-Húnaþingssýsla	Suðursnið, nærmynd.	V
202306-0094	2128-22_5	27.6.2023	Ásta Hermannsdóttir	Ásar	Húnabyggð	Austur-Húnaþingssýsla	Skurður fullgrafinn	NV
202306-0094	2128-22_6	27.6.2023	Ásta Hermannsdóttir	Ásar	Húnabyggð	Austur-Húnaþingssýsla	Skurður fullgrafinn	SA
202306-0094	2128-22_7	27.6.2023	Ásta Hermannsdóttir	Ásar	Húnabyggð	Austur-Húnaþingssýsla	Suðursnið, veggur, nærmynd.	S
202306-0094	2128-22_8	27.6.2023	Ásta Hermannsdóttir	Ásar	Húnabyggð	Austur-Húnaþingssýsla	Suðursnið	SV
202306-0094	2128-22_9	27.6.2023	Ásta Hermannsdóttir	Ásar	Húnabyggð	Austur-Húnaþingssýsla	Skurður fullgrafinn	V
202306-0094	2128-22_10	27.6.2023	Ásta Hermannsdóttir	Ásar	Húnabyggð	Austur-Húnaþingssýsla	Suðursnið, nærmynd.	SV
202306-0094	2128-22_11	27.6.2023	Ásta Hermannsdóttir	Ásar	Húnabyggð	Austur-Húnaþingssýsla	Suðursnið, nærmynd.	SV
202306-0094	2128-22_12	27.6.2023	Ásta Hermannsdóttir	Ásar	Húnabyggð	Austur-Húnaþingssýsla	Suðursnið, nærmynd.	SV
202306-0094	2128-22_13	27.6.2023	Ásta Hermannsdóttir	Ásar	Húnabyggð	Austur-Húnaþingssýsla	Suðursnið, nærmynd.	SV
202306-0094	2128-22_14	27.6.2023	Ásta Hermannsdóttir	Ásar	Húnabyggð	Austur-Húnaþingssýsla	Öryggishola við suðursnið	SV
202306-0094	2128-22_15	27.6.2023	Ásta Hermannsdóttir	Ásar	Húnabyggð	Austur-Húnaþingssýsla	Öryggishola við suðursnið	SV